

Norðurá bs.
Ársreikningur 2020

Norðurá bs.
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Kt. 560206-0620

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Þann 5. desember 2005 var undirritaður stofnsamningur fyrir byggðasamlagið Norðurá bs. Stofnendur Norðurár bs. eru sveitarfélögin í Skagafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu. Tilgangur byggðasamlagsins er að annast móttöku og förgun úrgangs fyrir aðildarsveitarfélögin. Stofnfé byggðasamlagsins er 12,6 millj. kr.

Rekstur ársins 2020 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 256,7 millj. kr. á árinu 2020 og jukust um 32,3 millj. kr. milli ára eða um 14%. Hagnaður félagsins á árinu 2020 nam 106,3 millj. kr.

Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Eigið fé félagsins í árslok nam 546,4 millj. kr. (2019: 440,1 millj. kr.) að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 4,4 (2019: 3,8).

Stjórn Norðurár bs. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Stekkjarkjarkví, / 2021.

Stjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Norðurár bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Norðurár bs. („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremmisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera henni kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitungu við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkrókur, / 2021

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta		256.734.627	224.429.686
		256.734.627	224.429.686
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	47.449.182	41.670.535
Annar rekstrarkostnaður		38.134.491	45.414.019
Afskriftir	12	37.093.623	38.374.573
		122.677.296	125.459.127
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		134.057.331	98.970.559
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		540.856	244.554
Vaxtagjöld skammtímaskulda		(178.472)	(144.581)
Verðbætur og vaxtagjöld langtímalána		(29.794.696)	(24.846.217)
Verðbreytingar		1.916.388	2.758.582
Fjármagnstekjuskattur		(279.492)	(359.458)
		(27.795.416)	(22.347.120)
Hagnaður ársins	14	106.261.915	76.623.439

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	590.109.824	627.203.447
Leigueign		152.943.081	0
	Fastafjármunir	<u>743.052.905</u>	<u>627.203.447</u>
Viðskiptakröfur		16.275.427	13.338.265
Fyrirframgreiddur kostnaður		1.672.518	1.577.285
Handbært fé		232.823.981	156.775.017
	Veltufjármunir	<u>250.771.926</u>	<u>171.690.567</u>
	Eignir samtals	<u>993.824.831</u>	<u>798.894.014</u>
Eigið fé			
Stofnfé	13	12.600.000	12.600.000
Lokunarsjóður		29.879.613	27.279.613
Óráðstafað eigið fé		503.904.436	400.242.521
	Eigið fé 14	<u>546.384.049</u>	<u>440.122.134</u>
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	15	200.158.741	265.321.541
Leiguskuldir	16	143.450.101	0
	Langtímaskuldir	<u>343.608.842</u>	<u>265.321.541</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	74.421.523	68.992.406
Næsta árs afborganir leiguskulda	16	6.037.200	0
Viðskiptaskuldir		7.848.157	13.920.314
Virðisaukaskattur		5.309.613	374.577
Áfallnir vextir langtímalána		4.806.342	5.847.659
Aðrar skammtímaskuldir		5.409.105	4.315.383
	Skammtímaskuldir	<u>103.831.940</u>	<u>93.450.339</u>
	Skuldir samtals	<u>447.440.782</u>	<u>358.771.880</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>993.824.831</u>	<u>798.894.014</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	14	106.261.915	76.623.439
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	12	37.093.623	38.374.573
Áfallnar verðbætur og gengismunur langtímalána		12.264.746	9.595.189
Veltufé frá rekstri		155.620.284	124.593.201
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(3.032.395)	662.900
Skammtímaskuldir, lækkun		(1.084.716)	(2.279.337)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(4.117.111)	(1.616.437)
Handbært fé frá rekstri		151.503.173	122.976.765
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12	0	(13.395.744)
Fjárfestingarhreyfingar		0	(13.395.744)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(69.721.572)	(65.366.954)
Afborganir leiguskulda	16	(5.732.637)	0
Fjármögnunarhreyfingar		(75.454.209)	(65.366.954)
Hækkun á handbæru fé		76.048.964	44.214.067
Handbært fé í ársbyrjun		156.775.017	112.560.950
Handbært fé í árslok		232.823.981	156.775.017

Skýringar

1. Félagið

Norðurá bs. („Félagið“) er íslenskt byggðasamlag og er lögheimili þess að Skagfirðingabraut 17 á Sauðárkróki.

Stofnendur Norðurár bs. eru sveitarfélögin í Skagafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu. Tilgangur byggðasamlagsins er að annast móttöku og förgun úrgangs fyrir aðildarsveitarfélögin.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Innlausn tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi og kröfuréttur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

5. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

6. Verðlagsviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Leigðar eignir eru fasteignir sem félagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppseggjanlegir af hálfu félagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	30 ár
Bifreiðar	7 ár
Vélar, áhöld og tæki	5 - 7 ár

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

10. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Skýringar

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun	38.264.935	33.773.014
Mótframlag í lífeyrissjóð	4.557.820	3.985.892
Önnur launatengd gjöld	3.706.307	3.115.564
Annar starfsmannakostnaður	920.120	796.065
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>47.449.182</u>	<u>41.670.535</u>
Ársverk	4,4	3,8

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Fasteignir	Bifreiðar	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2019.....	698.566.390	1.000.000		94.064.195	793.630.585
Viðbót á árinu	9.296.490	4.099.254		0	13.395.744
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(3.270.000)	(3.270.000)	
Heildarverð 31.12.2019.....	<u>707.862.880</u>	<u>5.099.254</u>		<u>90.794.195</u>	<u>803.756.329</u>
Heildarverð 31.12.2020.....	<u>707.862.880</u>	<u>5.099.254</u>		<u>90.794.195</u>	<u>803.756.329</u>
Afskrifað samtals 1.1.2019.....	105.026.017	900.000		35.522.292	141.448.309
Afskriftir færðar út við sölu	0	0	(3.270.000)	(3.270.000)	
Afskriftir ársins	<u>23.285.533</u>	<u>153.722</u>		<u>14.935.318</u>	<u>38.374.573</u>
Afskrifað samtals 31.12.2019.....	<u>128.311.550</u>	<u>1.053.722</u>		<u>47.187.610</u>	<u>176.552.882</u>
Afskriftir ársins	<u>23.595.415</u>	<u>614.888</u>		<u>12.883.320</u>	<u>37.093.623</u>
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	<u>151.906.965</u>	<u>1.668.610</u>		<u>60.070.930</u>	<u>213.646.505</u>
Bókfært verð 31.12.2019.....	579.551.330	4.045.532		43.606.585	627.203.447
Bókfært verð 31.12.2020.....	<u>555.955.915</u>	<u>3.430.644</u>		<u>30.723.265</u>	<u>590.109.824</u>
Afskriftahlutföll	3%	15%		15%-20%	

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Vátryggingarverðmæti
Fasteignir	64.900.000	111.700.000	107.967.363
Vélar, áhöld og tæki			<u>173.512.963</u>
Samtals	<u>64.900.000</u>	<u>111.700.000</u>	<u>281.480.326</u>

Skýringar

13. Stofnfé

Stofnfé byggðasamlagsins samkvæmt stofnsamningi er að fjárhæð 12,6 millj. kr., innbogað stofnfé er að fjárhæð 12,6 millj. kr. Eigendur leggja fram stofnfé í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna miðað við 1. desember næsta ár á undan greiðsluári. Innbogað stofnfé greinist þannig á stofnaðila:

	Stofnfé	Hlutfall
	31.12.2020	
Sveitarfélagið Skagafjörður	8.165.000	64,8%
Akrahreppur	435.000	3,45%
Blönduósbær	1.798.000	14,27%
Sveitarfélagið Skagaströnd	1.073.000	8,52%
Húnavatnshreppur	925.000	7,34%
Skagabyggð	204.000	1,62%
	<u>12.600.000</u>	<u>100,00%</u>

14. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Lokunar sjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019.....	12.600.000	22.279.613	328.619.082	363.498.695
Hagnaður ársins			76.623.439	76.623.439
Lagt í lokunarsjóð		5.000.000	(5.000.000)	0
Eigið fé 31.12.2019.....	<u>12.600.000</u>	<u>27.279.613</u>	<u>400.242.521</u>	<u>440.122.134</u>
Lagt í lokunarsjóð		2.600.000	(2.600.000)	0
Hagnaður ársins			106.261.915	106.261.915
Eigið fé 31.12.2020.....	<u>12.600.000</u>	<u>29.879.613</u>	<u>503.904.436</u>	<u>546.384.049</u>

15. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:	2020	2019
Verðtryggðar skuldir í ISK	274.580.264	334.313.947
Skuldir við lánastofnanir samtals	274.580.264	334.313.947
Næsta árs afborganir langtímalána	(74.421.523)	(68.992.406)
Skuldir við lánastofnanir samkvæmt efnahagsreikningi	<u>200.158.741</u>	<u>265.321.541</u>

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2021/2020	74.421.523	68.992.406
Afborganir árið 2022/2021	77.575.702	71.911.907
Afborganir árið 2023/2022	80.868.713	74.959.722
Afborganir árið 2024/2023	41.714.326	78.141.687
Afborganir árið 2025/2024	0	40.308.225
Afborganir langtímalána samtals	<u>274.580.264</u>	<u>334.313.947</u>

Á árunum 2010, 2011 og 2016 voru tekin lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Til tryggingar greiðslu lánanna, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði veittu sveitarfélögin Skagafjörður, Blönduósbær, Skagaströnd, Húnavatnshreppur, Akrahreppur og Skagabyggð einfalda ábyrgð í samræmi við 8. mgr. 94 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Skýringar

16. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamning um leigu á landi undir urðunarstað félagsins Stekkjarbakka í landi Sölvabakka sem færðir eru til skuldar. Leigusamningurinn er neyslu neysliverðsvísitölu til verðtryggingar og greinist þannig:

	2020
Leiguskuld færð í efnahag	152.943.081
Afborganir ársins	(5.732.637)
Verðbætur	2.276.857
	<u>149.487.301</u>
Næsta árs afborgun	(6.037.200)
Samtals langtímahluti leiguskulda	<u>143.450.101</u>

Afborganir af leiguskuldum greinast þannig á næstu ár:

A hluti

Árið 2021	6.037.200
Árið 2022	6.035.200
Árið 2023	6.033.266
Árið 2024	6.030.936
Árið 2025	6.028.668
Síðar	119.322.031
Leiguskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>149.487.301</u>

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Bókfært verð
Landleiga - Sölvabakka	2020-2038	3,4%	149.487.301
Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samnings greinast þannig:			
Árið 2021			11.007.238
Árið 2022			11.007.238
Árið 2023			11.007.238
Árið 2024			11.007.238
Árið 2025			11.007.238
Síðar			143.094.112
			<u>198.130.302</u>

Heildargreiðslur ársins vegna leigusamninga greinast þannig:

2020

Afborganir til lækkunar á leiguskuld	5.732.637
Vaxtagjöld	5.141.316
Heildarleigugreiðslur	<u>10.873.953</u>

Skýringar

17. Lokunarsjóður

Í 18. gr. reglugerðar um urðun nr. 738/2003, segir svo um gjald fyrir urðun úrgangs þarf hluti innheimtu gjalda fyrir urðun að vera fyrir kostnaði sem fellur til við lokun urðunarstaðar og vöktunar hans þar eftir, en í greininni segir: "Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skjal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er að standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 17. gr. reglugerðar þessarar og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár." Samkvæmt útreikningum Eflu Verkfræðistofu mun kostnaður við lokun urðunarstaðarins við Stekkjarvík, sem áætlað er að muni eiga sér stað árið 2039, og vöktun hans í 30 ár eftir lokun nema um 50 millj. kr. Til að mæta þessum kostnaði hefur verið myndaður sérstakur lokunarsjóður meðal eigin fjár og mun þurfa að leggja í hann um 1,6 millj. kr. árlega skv. mati Eflu Verkfræðistofu til að hann geti í framtíðinni staðið undir kostnaði við lokun urðunarstaðar félagsins. Á árinu 2020 voru lagðar 2,6 millj. kr. í lokunarsjóð.

18. Áhrif Covid-19

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanlega áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur byggðasamlagsins gæti orðið umtalsverð m.a. vegna aukinna útgjalda.

Það er mat stjórnenda byggðasamlagsins að ekki sé unnt, í ljósi framangreindrar óvissu, að leggja endanlegt mat á áhrif Covid-19 á rekstur byggðasamlagsins en meta greiðsluhæfi þess þó ekki skert. Félagið hefur nægt tiltækt handbært fé til að mæta skammtímasveiflum í sjóðsflæði.